

REYKJAVÍKUR **A**KADEMÍAN

2012



Skýrsla

Sólveigar Ólafsdóttur framkvæmdastjóra

um starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar ses.

árið 2012

Inngangur

Haldið var áfram að formgera starf ReykjavíkurAkademíunnar og treysta rekstrarlega undirstöðu hennar á árinu 2012 sem var fimmtánda starfsár hennar. RannsóknarSmiðju RA var formlega hleypt af stokkunum á árinu og nýr samningur um Bókasafn Dagsbrúnar við Eflingu-stéttarfélag var undirritaður á árinu. Einnig var gengið frá nýjum húsaleigusamningi við Landsbankann um húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar að Hringbraut 121 á árinu 2012. Umsýsla vegna rannsóknarverkefna jókst umtalsvert og voru sjö fræðimenn að jafnaði á launaskrá RA. Einnig var nokkuð um verktakagreiðslur til fræðimanna vegna ýmissa rannsóknar- og þjónustuverkefna stórra sem smárra.

Stjórn RA ses og stjórnarfundir

Stjórn RA ses fundaði formlega alls níu sinnum á árinu. Einnig var stjórn haldið upplýstri um gang mála varðandi húsnæðismál og samningaviðræður við opinbera aðila í tölvupósti.

Ný stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses. var kjörin á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar 13. apríl 2012.

Stjórnina skipa:

Dr. Davíð Ólafsson sagnfræðingur, formaður.

Sesselja G. Magnúsdóttir dansfræðingur, varaformaður

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur

Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og doktorsnemi

Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur

Dr. Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur

Dr. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur

Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses. er Sólveig Ólafsdóttir sagn- og menningarstjórnunarfræðingur sem hóf sitt þriðja starfsár á aðalfundinum.

Daglegur rekstur RA og starfsfólk

Daglegur rekstur RA á árinu 2012 byggðist á því gríðarlega endursköpunarstarfi sem fram fór á árunum 2010 og 2011. Þrátt fyrir umtalsverða aukningu í rekstrarumsýslu rannsóknarverkefna, málþinga, funda og viðhalds og endurnýjunar á húsnæði RA var

komist hjá því að auka yfirbyggingu og rekstrarumsýslu stofnunarinnar sjálftrar. Þetta var hægt vegna mikils og óeigingjarns framlags stjórnar RA og starfsfólks og þá sérstaklega Ólafs Hrafns Júlíussonar rótara RA og Helgu Hönnu Sigurðardóttur bókara RA.

Þjónustuver RA hafði allt verið endurnýjað árið 2011 og þjónusta við demóna aukin til muna. Enn var bætt í á árinu 2012 hvað varðar aðgang að sameiginlegum tækjum og tólum en mest munaði um nýtt eldhús og endurbætta kaffiaðstöðu.

Viðar Hreinsson var starfandi stjórnarformaður í hlutastarfi á árinu og fram til aðalfundar 13. apríl 2012 þegar Davíð Ólafsson tók við stjórnarformennsku. Starf þeirra fyrir RA fólst m.a. í að leiða og samhæfa rannsóknarvinnu RA á stöðu sjálfstætt starfandi fræðimanna gagnvart opinberum aðilum.

Sólveig Ólafsdóttir hóf sitt þriðja starfsár sem framvæmdastjóri RA ses í fullu starfi á aðalfundi 2012. Störf hennar fólust í daglegum rekstri RA, samningagerð við Reykjavíkurborg og Eflingu-stéttarfélag fyrir hönd Bókasafns Dagsbrúnar, stefnumótunarvinnu fyrir stjórn RA ses og þá sérstaklega í tengslum við RannsóknarSmiðju RA og umsjón og eftirlit með allri umsýslu rannsóknarverkefna RA. Drjúgur tími framkvæmdastjóra fór í húsnæðismál RA eins og síðustu ár.

Ólafur Hrafn Júlíusson rötari og hægri hönd RA var í fullu starf allt árið 2012. Störf hans fyrir RA og demóna voru að venju mörg og margvísleg. Jafnframt því að hafa umsjón með húsnæði RA gagnvart leigjendum, öllum utanaðkomandi viðburðum í húsnæði RA, skrifstofuhaldi og fjármálum sá Ólafur Hrafn um mikilvæga þætti er varða hina nýju rannsóknaumsýslu sem komið hefur verið á fót innan RA.

Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafnsfræðingur kom til starfa á Bókasafn Dagsbrúnar á árinu 2012 en meðfram störfum sínum við Bókasafnið sinnir Guðný Kristín starfi netstjóra og hefur umsjón með heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar. Einnig hefur hún sinnt verkefnastjórn vegna viðburða innan RA. Guðný Kristín hefur reynst RA afar vel það sem af er. Hún er traustur starfsmaður og ljúf viðbót í hóp starfmannanna og innanhúsfólks RA.

Helga Hanna Sigurðardóttir er bókari RA í hlutastarfi. Í góðu samstarfi við Ólaf Hrafn innleiddi hún nýtt bókhaldskerfi fyrir RA á árinu 2011 og hefur haldið áfram að koma á farsælu skikki á bókhaldið.

Eins og kom fram í ársreikningi varð alger viðsnúningur á fjárhag ReykjavíkurAkademíunnar ses á árinu 2011 til hins betra. Áfram var haldið að byggja á þeim góða grunni árið 2012. Rekstrartekjur utan samningsbundina rekstrar- og þjónustustyrkja námu í heild tæpum 43 milljónum en voru rétt rúmar 28 milljónir á árinu

2011. Hér munar nær alfarið um erlenda rannsóknarstyrki. Alls voru rekstrartekjur RA tæplega 63 milljónir ár árinu 2012. Rekstrargjöld jukust einnig umtalsvert eða úr rúmri 41 milljón 2011 í rúmar 62 milljónir á árinu 2012. Eigið fé stofnunarinnar nam 8,6 milljónum í árslok 2012 en var 8,3 milljónir í árslok 2011. Hagnaður af rekstri RA ses. nam því kr. 332.000 á árinu 2012. Greidd laun voru 27,4 milljónir árið 2012 en voru 13,2 milljónir í árslok 2011 og er hægt að rekja auknar laungreiðslur beint til rannsóknarverkefna. Aukning á launakostnaði vegna eigin reksturs RA ses. nam aðeins um 1.2 milljónum króna. Umfang rekstursins hefur því nær tvöfaldast á milli ára.

Allir rekstrarþættir stóðu undir sér, þ.e. rekstur húsnæðis, rekstur skrifstofu og bókhalds, þjónustuver, Bókasafn Dagsbrúnar en enn á eftir að stilla rannsóknarverkefnið betur af hvað varðar kostnað við umsýslu inn í rekstur RA.

ReykjavíkurAkademían eignaðist eigin facebook-síðu á árinu 2012 og lögð var áhersla á að taka upp og birta opinberlega fyrirlestra og umræður á fundum og málþingum sem haldin voru á vegum RA.

Samstarf RA og Sögufélags

Hið mikla, góða, gjöfuga og ekki síst lærdómsríka samstarf á milli RA og Sögufélags allt árið 2011 hélt áfram allt árið 2012 og sá RA um umsýslu vegna bókhalds og reksturs Sögufélags gegn greiðslu samkvæmt samningi. Samstarfi þessu lauk um áramótin 2012/2013 í góðri sátt og bókaði stjórn Sögufélags eftirfarandi á stjórnarfundum í ársbyrjun 2013:

Stjórn Sögufélags þakkar ReykjavíkurAkademíunni fyrir farsælt samstarf við bókhaldsumsjón og yfirferð reikninga félagsins undanfarin ár, auk gagngerðrar endurskipulagningar á rekstri þess og nútímavæðingar bókhalds. Sérstaklega færir stjórnin þeim Sólveigu Ólafsdóttur og Ólafi Hrafni Júlíussyni hugheilar þakkir fyrir vönduð vinnubrögð, ósérhlífni og ánægjuleg samskipti í alla staði. Stjórn Sögufélags hlakkar til frekari samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna á sem flestum sviðum á næstu árum.

Húsnæðismál

Ný húsaleigusamningur var undirritaður við Landsbankann í byrjun maí 2012 eftir samningaviðræður við bankann. Samningurinn er bæði tímabundinn og óuppsęjanlegur til 30. apríl 2014 og ótímabundinn eftir það með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Framleigunýting á húsnæðinu hefur verið mjög góð og reynt hefur verið eftir föngum að gera sameiginlegu rými til góða með gagngerum þrifum og viðhaldi. Húsnæði RA er komið

til ára sinna og eru horfur á að húsfélagið haldi áfram viðhaldi þar sem frá var horfið á árunum 2010 og 2011.

Styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Skv. styrktarsamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við RA sem undirritaður var árið 2011 er hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar að vera rannsóknarstofnun og nýsköpunarmiðstöð í menningar, hug- og félagsvísindum sem veitir sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfsaðstöðu, er vettvangur fjölfaglegs samstarfs fræðimanna og stendur fyrir fyrirlestrum, málþingum og umræðufundum sem tengjast rannsóknaverkefnum fræðimanna og stúdenta innan RA. Sérstök áhersla verður lögð á að veita háskólastúdentum í framhaldsnámi hérlendis sem erlendis aðstoð og aðstöðu eftir föngum og einnig að veita samstarfsfélögum RA ráðgjöf og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, rekstur rannsóknaverkefna, samstarfsmöguleika við fræðimenn innanlands sem utan.

Samningur RA gildir út árið 2013 og eins og kom fram í fréttatilkynningu ráðuneytisins er um að ræða tímamótasamning í sögu ReykjavíkurAkademíunnar sem starfað hafði í 14 ár en steig með samningnum nýtt skref sem miðstöð rannsókna og fræða.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Hinn 2. mars 2012 var undirritaður þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og RA ses. Hluti styrktarfjárins fór í að standa straum af kostnaði vegna vinnuaðstöðu og aðstoðar við erlendan rithöfund í tengslum við þátttöku Reykjavíkurborgar í svokölluðu ICORN-verkefni. Auk aðkomu RA að þessu einstaka verkefni sinntu demónar og framkvæmdastjóri RA ýmsum verkefnum, stórum sem smáum fyrir Reykjavíkurborg á grundvelli samningsins þar á meðal aðkomu að endurskoðun á menningarstefnu Reykjavíkurborgar og yfirlestri og þýðingu á viðamikilli IPA-umsókn fyrir skrifstofu borgarstjóra.

Reykjavíkurborg hefur verið einn af tryggustu bakhjörllum RA frá upphafi. Fyrsti opinberi styrkurinn sem RA hlaut kom frá Reykjavíkurborg og þjónustusamningar milli þessara tveggja aðila hafa verið í gildi svo til allan starfsferil Akademíunnar.

Menning sem undirstaða í hugmyndinni um sjálfbæra þróun er að verða eitt virkasta rannsóknasvið í heiminum um þessar mundir. Eins og kemur fram hér síðar tók ReykjavíkurAkademían þátt í að mynda og er þátttakandi í rannsóknaverkefningu COST IS-

1007 Investigating Cultural Sustainability, um menningarlega sjálfbærni. og það hefur skilað virkum árangri inn í íslenskt rannsóknarsamfélag á síðustu misserum.

Til þess að greiða þessum nýju hugmyndum leið að stefnumótun Reykjavíkurborgar og styrkja um leið rödd ReykjavíkurAkademíunnar í alþjóðlegri fræðaumræðu ákvað Reykjavíkurborg árið 2012 að semja við RA um að gera úttekt á stefnu einstakra sviða borgarinnar og kanna hvar og hvernig merki um menningarlega sjálfbærni kæmu fram og hvar þyrfti að bæta úr.

Katla Kjartansdóttir rýndi í fyrirliggjandi stefnur og gögn með fjárhagsáætlunum og greindi helstu þætti og drætti fyrirliggjandi stefnumótunar að teknu tilliti til menningarlegrar sjálfbærni. Viðar Hreinsson tók við og hvessti eggina á forsendum þeirrar hugmyndavinnu sem fer fram í COST - verkefninu sem hann tekur virkan þátt í. Sólveig Ólafsdóttir ritstýrir greinargerðinni og ritar formála. Greinargerðin liggur nú fyrir í drögum hjá Reykjavíkurborg.

RannsóknarSmiðja RA

Forsagan

Styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og RA frá árinu 2011 kveður á um að RA veiti háskólastúdentum í framhaldsnámi, héraendis sem erlendis, aðstoð og aðstöðu eftir fönngum og veiti einnig samstarfsfélögum RA ráðgjöf og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, rekstur rannsóknarverkefna og samstarfsmöguleika við fræðimenn innanlands sem utan.

Árið 2011 varði framkvæmdastjóri RA miklum tíma í að leggja grunn að sérstakri rannsóknarþjónustu innan RA sem stæði undir þeim væntingum sem koma fram í framangreindu ákvæði samningsins. Ýmsir þættir gengu undravel. Nýtt bókhalds- og launakerfi gerir RA kleift að bjóða upp á faglega umsýslu með verkefnum. Fræðimönnum innan RA gefst tækifæri til að sækja um erlenda styrki í nafni ReykjavíkurAkademíunnar og síðustu tvö ár hafa 4-6 fræðimenn að jafnaði verið á launaskrá RA við rannsóknir sem styrktar hafa verið af erlendu og innlendu rannsóknarfé.

Að beiðni framkvæmdastjóra réðst dr. Elsa Eiríksdóttir sálfræðingur í að gera athugun og þarfagreiningu á því hvað eigi og geti falist í slíkri rannsóknarþjónustu auk þessa að kortleggja mögulegan markhóp innan RA sem utan. Elsa skilaði frá sér afar ítarlegri skýrslu í lok árs 2011 og lá hún til grundvallar þeirri stefnumótunarvinnu sem stóð yfir hjá stjórn RA árið 2012. Skýrsla Elsu er um margt afar greinandi og merkileg. Þar kemur meðal annars fram að hátt á fjórða hundrað manns hafa lokið doktorsgráðu í menningar- hug- og félagsvísindum, viðskiptum og lögfræði það sem af er 21. öldinni eða stunda doktorsnám í þessum greinum.¹ Sá hluti þessa hóps sem ekki er í föstum stöðum er markhópur rannsóknarþjónustunnar.

Í árslok 2011 óskaði RA eftir fjárhagslegum stuðningi frá mennta- og menningarmálaráðherra við frekari hugmyndavinnu og stofnun rannsóknarþjónustu og fékk til þess styrk að upphæð kr. 2.000.000 í byrjun árs 2012. Í krafti þessa styrks og þeirrar viðurkenningar sem í honum felst frá ráðherra var RannsóknarSmiðju RA hleypt formlega af stokkunum og var dr. Gunnþóra Ólafsdóttir ráðin til starfa fyrri hluta árs 2012.


Starfi Gunnþóru árið 2012 má skipta upp í eftirfarandi þætti:

- Áframhaldandi greining á þörfum markhópsins á forsendum skýrslu Elsu
- Samráðsfundir um styrkumsóknir í innlenda samkeppnissjóði vorið 2012 og handleiðsla við umsóknagerð fyrir innanhúsfólk í RA
- Ritun ítarlegrar handbókar fyrir stjórn RA og starfsfólk um RannsóknarSmiðju RA. Handbókin liggur fyrir í handriti
- Þróun á námskeiðum í sjálfstæðum rannsóknum sem liggja fyrir í handriti

Dr. Gunnþóra Ólafsdóttir sinnti þessari verkefnastjórn allt fram til þess að hún tók við nýdoktorsstöðu við Háskólann í Luxemburg síðari hluta árs 2012. Stjórn og framkvæmdastjóri RA tóku þá við boltanum og héldu áfram hugmyndavinnu til loka síðasta árs. Styrkur ráðuneytisins fór í að greiða skýrsluhöfundi og verkefnistjóra verktakalaun á árinu 2012. Annar kostnaður við RannsóknarSmiðjuna var greiddur af rekstrarfé RA.

¹ Íslendingar við innlenda jafnt sem erlenda háskóla og erlendir ríkisborgarar við Háskóla Íslands. Sjá skýrslu Elsu Eiríksdóttur, *Rannsóknarþjónusta ReykjavíkurAkademiunnar, Drög að þarfagreiningu og skilgreiningu starfs*, desember 2011. – Fylgiskjal með greinargerð þessari.

Næstu skref: Framtíðarsýn RannsóknarSmiðju RA



RannsóknarSmiðjan byggir á 16 ára farsælli sögu RA af grasrótarsamfélagi fræðimanna sem sinna sjálfstæðum rannsóknum og öðrum fræðistörfum. Samlegð hinna ólíku fræðimanna sem starfa innan vébanda RA birtist m.a. í formlegu og óformlegu netverki og samstarfi fræðimanna og formlegri og óformlegri jafningjafræðslu í umsóknum og umsýslu með rannsóknaverkefnum. Fræðimenn innan RA hafa frá upphafi lagt metnað í miðlun rannsókna milli fræðimanna innan og utan formlegs háskólakerfis og til samfélagsins. Þessi starfsemi hefur verið viðurkennd og styrkt af opinberum stjórnvöldum með styrktarsamningum frá árinu 2007. RA statar af traustum innviðum og hefur sýnt fram á traustan rekstur undanfarin ár.

Hugmyndin að baki RannsóknarSmiðju ReykjavíkurAkademíunnar er að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA. ReykjavíkurAkademían hefur frá stofnun árið 1997 hýst margvíslega starfsemi sem flokkast undir fræði- og menningarstarfsemi í víðri merkingu, m.a. ritun fræðiefnis fyrir almenning, ritun fagurbókmennta, samningu kennsluefnis, þýðingar fræðiefnis og fagurbókmennta, heimildamyndagerð, ritstjórn, prófarkalestur, bókaútgáfu, sýningahönnun, umfangsmikið ráðstefnuhald og svo mætti lengi telja. Jafnframt hafa fræðimenn innan RA stundað kennslu á ólíkum skólastigum, ekki síst stundakennslu á háskólastigi. Fræðilegar grunnrannsóknir innan ólíkra greina félags- og hugvísinda hafa allan þann tíma verið mikilvæg kjölfesta í starfseminni. Á

Því sviði hafa starfað namar í meistara- og doktorsnámi, nýdóttarar og reyndir fræðimenn, margir með doktorspróf í sínu fagi og áralanga reynslu af rannsóknum.

Möguleikar þessa hóps til að fjármagna rannsóknir sínar hafa þrengst mjög á þeim rúma eina og hálfu áratug sem liðinn er frá stofnun RA. Þetta hefur gerst þrátt fyrir nokkra eflingu samkeppnissjóða og annarra opinberra fjármögnunarleiða og eru ástæðurnar einkum tvær. Annars vegar hefur orðið gríðarleg fjölgun langskólagenginna fræðimanna á seinni árum, langt umfram vöxt sjóðakerfisins. Hins vegar hefur ásókn íslenskra háskóla í þessa sömu samkeppnissjóði aukist gríðarlega, einkum á allra síðustu árum. Afleiðing þessarar þróunar er meðal annars sú að langstærstur hluti þeirra sem þiggja laun úr verkefnum sem styrkt eru af Rannsóknasjóði eru nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi, en afar fáir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

RannsóknarSmiðja RA mun fyrst um sinn þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna. Auk stuðnings og handleiðslu við umsóknagerð einstaklinga og hópa og eftir þörfum fjárhagslega og rekstrarlega umsýslu með rannsóknaverkefnum sem hlotið hafa styrk, er stefnt að því að bjóða upp á námskeið og hagnýtar vinnustofur í sjálfstæðum rannsóknum, rekstri og umsýslu verkefna auk aðstoðar við markvissa miðlun á rannsóknarniðurstöðum með áherslu á ritrýndar birtingar (aflstig) og sýnileika í stafrænni miðlun.

Stefnt er að því, að eftir því sem RannsóknarSmiðja RA eflist muni hún þjóna stærri hópi fræðimanna sem starfa að hluta eða öllu leyti utan formlegra háskóla og rannsóknastofnana þeim tengdum. Horfum við þar einkum til hópa eins og langskólagengins starfsfólks lítilla rannsókn- og fræðasetra um allt land, starfsfólks skjala- og minjasafna og annarra sem starfa innan fræði- og menningargeirans með litla eða illa skilgreinda rannsóknavirkni en hafa vilja og getu til að efla hana.

Hlutverk og markmið RannsóknarSmiðjunnar

Fullyrðingar:

Sérhver fræðimaður sem sendir út reikninga fyrir rannsóknum sínum og miðlun á þeim á eigin kennitölu er sjálfstæð rekstrareining – „fyrirtæki“.

Rannsóknir sem stundaðar eru sem hlutastarf (e. fractional scholarship) meðfram annarri vinnu eru samfélaginu nauðsyn og jafnvel rekstrarlega mjög hagkvæmar.²

Heildarmarkmið:

Að fjölga rannsóknar- og atvinnutækifærum fyrir PhD og annað háskólamenntað fólk utan opinberra rannsóknarstofnana og styrkja innviði og samstarfsmöguleika þekkinga- og rannsóknasetra um allt land sem hafa þegar hlotið tilstyrk (rekstrar- og/eða þjónustustyrki frá ríki og/eða sveitarfélögum). Sjá t.d. fjárlög 2013 - lið 02-299 „Háskóla og rannsóknastarfsemi“.

RannsóknarSmíðja RA er vörn gegn:

- huldu atvinnuleysi meðal fræðimanna (hidden unemployment – under-employment)
- einyrkju (mónókúltur)
 - félagslegri
 - fræðilegri
 - rekstrarlegri
- stofnanavæddri og óskilvirkri yfirbyggingu sem dregur fé frá eiginlegum rannsóknnum
- oft á tíðum illa skilgreindu rannsóknarhugtaki þar sem mælingar og miðlun fara fram undir formerkjum rannsókna

RannsóknarSmíðja RA þjónar hagsmunum:

- fræðimanna sem hafa fjárfest tíma og fé í nám og þjálfun – og vilja stunda rannsóknir að hluta eða í fullu starfi
- rannsóknar- og þekkingarsetra sem standa utan formlegra háskólastofnana og vilja hýsa og stunda rannsóknir
- samfélagsins sem hefur fjárfest í námi og þjálfun fræðimanna
- fjölbreytts og alvöru þverfaglegs fræðasamfélags
- menningarlegrar sjálfbærni³

² Sjá Arbesman, Samuel og Wilkins, Jon, *The Rise of Fractional Scholarship* (1. maí, 2012). Ewing Marion Kauffman Foundation Research Paper. Náð í af SSRN: <http://ssrn.com/abstract=2048780> or <http://dx.doi.org/10.2139/ssrn.2048780>

Mögulegir samstarfsaðilar:

- Vinnumálastofnun (að auka framboð af atvinnutækifærum fyrir langskólagengna við það sem þeir hafa fjárfest í): Aðkoma að námskeiðum og samstarf um starfsþjálfun við sjálfstæðar rannsóknir
- Nýsköpunarmiðstöð (bæta rekstrarumhverfi einyrkja og lítilla rekstrareininga. Auka rekstrar- og kostnaðarvitund í sjálfstæðum rannsóknnum): Aðkoma að námskeiðum og vinnustofum

Helstu hugsanlegu verkþættir RannsóknarSmiðjunnar

Verkþáttur 1: Kortlagning og þarfagreining (Mapping of target groups):

- Fjöldi, aðstæður og væntingar Phd-ara⁴ og doktorsnema⁵. Stærð markhóps: 350 einstaklingar
- Fjöldi, aðstæður, vonir og rannsóknvæntingar þekkingar- og rannsóknasetra á landsbyggðinni; að hluta til byggt á skýrslu MMR frá árinu 2010 um þekkingasetur. Stærð markhóps: 50 - 70 setur og stofnanir

Verkþáttur 2: Námskeið í sjálfstæðum rannsóknnum. (Workshops and workcamps):

Námskeiðin gefa fólki tækifæri til að öðlast grunnþekkingu á starfsvettvangi sjálfstæðra rannsókna:

- Sjálfstæðar rannsóknir I. – Þátttakendur öðlast góða innsýn í starfsumhverfi sjálfstætt starfandi fræðimanna og hverju ber að sinna í rekstrarumhverfinu
- Sjálfstæðar rannsóknir II. – Sjálfstætt framhald þar sem þátttakendur fá handleiðslu í gerð styrkumsókna, ferilskráa og fjárhagsáætlana; sem og í að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri í töluðu og rituðu máli
- Rannsókn- og verkefna „boot camp“. – Fimm daga vinnubúðir undir stjórn

³ Unnið er að því innan rannsóknarsamfélags Evrópusambandsins að skilgreina hugtakið menningarleg sjálfbærni. Hugmyndin er að bæta enn einni stoð undir sjálfbæra þróun þannig að stoðirnar séu: a) félagslegar, b) umhverfislegar, c) efnahagslegar, d) menningarlegar. Menningarleg sjálfbærni gengur út á heildræna hugsun sem felur í sér að meiða hvorki né eyða, að búa í haginn fyrir lífsgæði allra og að tryggja og viðhalda sem mestri einlægni í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Menningaleg sjálfbærni viðheldur, hvetur og drífur áfram.

⁴ Búið er að taka saman lista með yfir 200 íslenskum doktorum sem lokið hafa námi það sem af er öldinni í menningar- hug- og félagsvísindum, viðskiptum og lögfræði.

⁵ Búið er að taka saman lista yfir 155 íslenska doktorsnema á ofangreindum sviðum.

auðveldara (e. facilitator) þar sem þátttakendur setja sér að ljúka ákveðnum verkþáttum undir eftirliti og með eftirfylgni

Tekjur: Þáttökugjöld.

Verkþáttur 3: Formlegt tengslanet og klasasamstarf (Networking and clustering):

Úrvinnsla og miðlun upplýsinga um og milli markhópa í verkþætti 1 og þátttakenda í námskeiðum (verkþáttur 2) auk erlendra tengsla sem fyrir eru í RA og meðal þátttakenda:

- Vinnufundir með einstaklingum og stofnunum
- „Speed date“ um einstök rannsóknarsvið og rannsóknarverkefni
- Fyrirlestraraðir, málfundir og vinnustofur

Tekjur: Þáttökugjöld og jafnvel félagsgjöld.

Verkþáttur 4: Starfsþjálfun í sjálfstæðum rannsóknum (Research internship):

- Starfsþjálfun innan RA ses
- Starfsþjálfun innan rannsóknar- og þekkingasetra á landsbyggðinni

Hvernig: Upplýsingamiðlun og markviss verkþjálfun.

Til hvers: Til að gera hópinn samkeppnisfærari bæði í rannsóknum og rekstri.

Verkþáttur 5: Handleiðsla í umsóknum (Application guidance and coordination):

- Vinnustofur fyrir umsóknir í íslenska samkeppnissjóði
- Vinnustofur fyrir umsóknir í erlenda samkeppnissjóði
- Handleiðsla fyrir einstaklinga og hópa

Tekjur: Þáttökugjöld.

Verkþáttur 6: Handleiðsla í rekstri og umsýslu (Administration and finance)

- Handleiðsla fyrir einstaklinga og hópa – námskeið og einstaklingsfræðsla
- Bein umsýsla gegn umsýslugjaldi

Tekjur: Umsýslugjald.

Verkþáttur 7: Miðlun rannsókna (Dissemination and publishing) – dæmi:

- Námskeið og vinnustofur í stafrænni miðlun og möguleikum opins aðgangs
- Kynning á rannsóknarniðurstöðum fyrir markhópa í atvinnulífinu

Tekjur: Þátttökugjöld.

Verkefnisstjórn (General project management):

- Umsýsla – Rekstur og bókhald
- Tengsl við samstarfsaðila – milliuppgjör (reports)
- Lokauppgjör

Með bréfi dagsettu 10. apríl 2013 og fundi með mennta- og menningarmálaráðherra óskaði ReykjavíkurAkademían formlega eftir viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um mögulega aðkomu ráðuneytisins að einstökum þáttum verkefnisins og framtíðarþróun styrktarsamnings ráðuneytisins við RA í tengslum við RannsóknarSmiðju RA og ofangreinda framtíðardrauma.

Bókasafn Dagsbrúnar 2011

Bókasafn Dagsbrúnar er í eigu Eflingar stéttarfélags og er til húsa hjá ReykjavíkurAkademíunni við Hringbraut 121 í Reykjavík. Safnið er sérfræðisafn á sviði atvinnulífsrannsókna og verkalýðsmála, og handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna.

Nýr samningur við Eflingu var undirritaður hinn 12. október 2012 um varðveislu og umsýslu bókasafns Dagsbrúnar, og nær hann til næstu þriggja ára. Sigurður Bessason formaður Eflingar og Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ReykjavíkurAkademíunnar undirrituðu samninginn sem byggir á upphaflegum samningi frá árinu 2003 og tryggir hann framtíð safnsins í skjóli og undir stjórn ReykjavíkurAkademíunnar.

Starfsmenn safnsins eru Anna Jensdóttir bókasafnsfræðingur, Ian Watson félagsfræðingur sem er í leyfi fram í september 2013 og Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur sem leysir Ian af.

Í árslok 2012 voru 8595 titlar skráðir í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, og eru þetta samtals 12102 eintök. Bókasafnið fékk eina stóra gjöf á árinu, það voru bækur úr bókasafni

Félags bókagerðarmanna. Unnið er að því að skrá þær bækur inn í Gegni. Eins bárust safninu nokkar minni gjafir á árinu.

Enn er nokkuð af óskráðu efni á safninu en unnið er jafnt og þétt að því að ljúka skráningu eldri aðfanga.

Aðsókn að safninu var með ágætum og hefur það verið vel nýtt af félagsmönnum ReykjavíkurAkademíunnar. Nokkur vinna hefur verið lögð í að kynna safnið, m.a. með því að stofna facebook-síðu fyrir safnið og unnið er að nýrri heimasíðu safnsins. Eins hefur bóksölu safnsins verið haldið áfram inn á Biblio.com þar sem tvítök úr safnkostinum eru seld. Þetta vekur bæði athygli á safninu og fornbókamarkaði á Íslandi.

Hinn árlegi Dagsbrúnarfyrirrestur var haldinn 8. nóvember og að þessu sinni var það Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur sem kynnti nýútkomið rit sitt *Dagar vinnu og vona: Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði*.

Hluti af vinnutíma starfsmanns fer í að styðja opinn aðgang að fræðilegum ritum á Íslandi. Nokkrir fundir áhugahóps um opinn aðgang (openaccess.is) hafa verið haldnir á safninu. Starfsmaður hefur einnig tekið að sér að þýða viðmót Open Journal System á íslensku og hófst sú vinna árið 2012.

Sjá <http://bokasafndagsbrunar.is/>

Menning og ferðaþjónusta frá sjónarhóli hugvísinda

Mennta- og menningarmálaráðherra var í byrjun árs 2013 afhent skýrsla um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhorni hugvísinda. Greinargerðin var samin að frumkvæði Dr. phil. Láru Magnúsardóttur sérfræðings við HÍ og forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra og unnin af henni og Sólveigu Ólafsdóttur MA í menningarstjórnun og framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar á árinu 2012.

Sá vöxtur sem orðið hefur í ferðaþjónustu á undanförunum árum er vísbending um að miklar breytingar hafi orðið og séu væntanlegar í atvinnulífi Íslendinga. Engum blandast hugur um að mikil viðskipta- og atvinnutækifæri liggja á þessu sviði og fyrirhugað er að auka vægi ferðaþjónustu sem atvinnuskapandi og gjaldeyrisaflandi greinar. Það þýðir að ferðaþjónusta hlýtur að skapa stóran sess í stefnumótun yfirvalda á næstu árum, hvort sem er á landsvísu eða heima í héraði. Af því leiðir að fjármunum verður beint í verkefni sem lúta að henni.

Tækifærin sem liggja í vexti ferðaþjónustu eru ekki aðeins hagræn. Hér er gengið út frá þeirri hugmynd að í ferðaþjónustu felist tækifæri til þess að efla menningarstarf og menningarlíf og þannig megi sameina menningarleg og hagræn markmið

Viðfangsefni greinargerðarinnar er samhengi menningar og ferðaþjónustu og snýst annars vegar um mikilvægi þess að hafa skilning á menningarlegum þáttum sem fylgja breytingum á atvinnuvegum en hins vegar snýr hún að hagnýtari þáttum, svo sem stefnumótun um stuðning við menningartengd verkefni. Áherslan er þó á menningu og menningarlíf. Í greinargerðinni er sérstök áhersla lögð á starfsemi á landsbyggðinni enda eru aðstæður þar með öðrum hætti en í Reykjavík, en gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu ferðaþjónustu um allt land – og hún er raunar þegar hafin.

Í greinargerðinni er mennta- og menningarmálaráðuneytið hvatt til að láta sig varða ferðaþjónustumál vegna þess hve tengsl ferðaþjónustu og menningar eru miklum mun sterkari en í öðrum greinum atvinnulífs. Þar má fyrst telja að ferðaþjónusta stendur að talsverðum hluta á menningarlegum grunni og er unnin á menningarlegum forsendum. Þegar svo mikill vöxtur er framundan í einni atvinnugrein eins og nú er í ferðaþjónustu þarf að gera ráð fyrir að áhrifin verði ekki aðeins félagsleg og hagræn heldur komi þau einnig sterklega fram á menningarsviðinu. Eðlilegt er að stjórnvöld láti sig málið varða og að stjórnvöld og menningarstofnanir taki mið af því við almenna þekkingaröflun, miðlun og stefnumótun.

Greinargerðina má nálgast [hér](#)⁶

Rannsóknarstöður innan RA

Tvær rannsóknarstöður voru innan RA á árinu 2012 og eru þær skipaðar þeim Davíð Ólafssyni og Kristni Schram.

Davíð Ólafsson

Sagnfræðingur. Rannsóknarstöðuþegi Rannsóknasjóðs við ReykjavíkúAkademíuna 2009-2012.

Á fyrri hluta árs 2012 vann Davíð Ólafsson að síðasta áfanga verkefnis sem hlotið hafði rannsóknarstöðustyrk úr Rannsóknasjóði 2009-2011 (framlengt til 2012 v/fæðingarorlofs) og nefndist Handritasamfélag – Þekkingarsamfélag: Handritamenning í Kaldrananeshreppi á Ströndum 1850-1900. Á síðari hluta ársins vann hann að rannsóknum innan fjölþjóðlegs

⁶ http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Menning_ferdathonusta_jan-2013.pdf

samstarfsverkefnið, *Reading and writing from below: Towards a new social history of literacy in the Nordic sphere during the long nineteenth century*, sem fjármagnað er af NORDCORP áætlun norrænu rannsóknasjóðanna á sviði hug- og félagsvísinda (NOS HS) 2011-2014. Jafnframt sinnti Davíð ásamt Matthew James Driscoll hlutverki verkefnisstjóra við rannsóknaverkefnið *Prentsmiðja fólksins: Handrita- og bókmennning síðari alda* sem fjármagnað er úr Rannsóknarsjóði 2012-2014. ReykjavíkurAkademían er umsýsluaðili hluta rannsakernda í báðum þessum samstarfsverkefnum.

Norræna netverkinu *Vardagligt skriftbruk: Diakrona perspektiv på literacy i Sverige och övriga Norden (2009-2012)*, sem Davíð hefur tekið þátt í, lauk formlega með ráðstefnunni *Vernacular Literacies - Past, Present and Future* sem haldin var við Umeå háskóla 13.-15. júní 2012. Þar flutti hann erindið „An Accidental Autobiography?: Occasional verse anthologies as life-writing.“ Í upphafi ráðstefnunnar kom út greinasafnið *Att läsa och att skriva: Två vågor av vardagligt skriftbruk i Norden 1800–2000* í ritstjórn verkefnisstjórans Ann-Catrine Edlund og hafði það að geyma grein eftir Davíð, „Vernacular Literacy Practices in Nineteenth-Century Icelandic Scribal Culture“. Erindi byggt á sömu rannsókn og kynnt var í Umeå var flutt á 4. íslenska söguþinginu í Reykjavík 7.-10. júní 2012 undir yfirskriftinni „Sjálfsævisaga í stefjum: Lausavísur og ljóðasöfn sem sjálfsbókmennir á 19. öld.“

Síðla sumars birtist grein eftir Davíð Ólafsson og Sigurð Gylfa Magnússon í ítalska tímaritinu *Quaderni Storici*, „Minor Knowledge: Microhistory and the Importance of Institutional Structures“ (bls. 495-524). Jafnframt gekk Davíð frá grein til útgáfu sem nefnist „Scribal communities in Iceland: The case of Sighvatur Grímsson“ og mun hún koma út á fyrri hluta þessa árs í norrænu greinasafni, *White Field, Black Seeds: Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth-Century* í ritstjórn Önnu Kuismin og Matthew James Driscoll.

Davíð Ólafsson er formaður stjórnar RA ses.

Kristinn H. Schram

Þjóðfræðingur. Rannsóknarstöðuþegi Rannsóknasjóðs við ReykjavíkurAkademíuna og ÍNOR. Í teymi með Kötlu Kjartansdóttur þjóðfræðingi

Fyrirlestrar:

- „Um Frásagnasafnið“ [the Narrative Museum]. Presented at Miðlun minninganna: Málþing í tilefni af 5 ára afmæli Miðstöðvar munnlegrar sögu [Memory Mediated -

Symposium on the 5th Anniversary of the Centre for Oral History]. Reykjavík, Janúar 2012.

- THORRABLÓT – HEDENSK HØJTID ELLER HALBAL? Fyrirlestur um hina íslensku Þorrablótshefð, Norðurbryggja – Kaupmannahöfn, Febrúar 2012.
- „Irony, performance and equality“. Presented at the Húmorhátíð [the Humour Conference]. University of Iceland. Reykjavík, Apríl 2012.
- „Something in the Air“: Performing the North in a „Post-Crash“ Norden“. Presented at the EDDA – Center of Excellence conference In/Equalities, Democracy and the Politics of Transition. Háskóli Íslands. Reykjavík, Maí 2012.
- „Exotic Transnational Performances of Icelanders Abroad“. Stofnfundur Association of Critical Heritage Studies. Re-Theorizing Heritage. University of Gothenburg. Gothenburgh, June 2012.
- „Norðurhyggja: nálganir á þverþjóðlega iðkun og framandgervingu norðursins“. Á Málþingi ReykjavíkurAkademíunnar. September, 2012
- „Búmm og Krass í Pecha Kucha: Óræður arfur í ljósi dullenduhyggju“. Þjóðarspeggill Háskóla Íslands. October, 2012.
- „Art and Identity“, Þjóðminjasafn Íslands. November, 2012.

Katla Kjartansdóttir og Kristinn Schram starfa saman að rannsókn á þverþjóðlegri iðkun og framandgervingu norðursins með styrk frá Rannsóknarmiðstöð Íslands og Eddu – Öndvegissetri. Á árinu 2012 hafa þau unnið saman að kennslu og rannsóknum við Háskólann á Bifröst, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Á árinu kenndu þau námskeiðið „Being Icelandic: Icelandic Folktales, Beliefs and Popular Culture Past and Present“ við þjóðfræðideild Háskóla Íslands og einnig hafa þau komið að kennslu námskeiðsins „Art and Identity“ við Listaháskóla Íslands. Þá hafa þau verið að leiðbeina bæði masters og BA nemum við þessa þrjá háskóla. Jafnframt hafa þau sinnt fræðilegum skrifum og eiga þau saman kafla í bókinni „Performing Nordic Heritage“ sem kom út í janúar 2013 og einnig eiga þau kafla í bók um íslenskan menningararf sem væntaleg er á þessu ári.

Helstu rannsóknarverkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Prentsmiðja fólksins:

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er dr. Davíð Ólafsson.

Árið 2012 var fyrsta starfsár rannsóknarverkefnisins *Prentsmiðja fólksins: Handrita- og bókmenning síðari alda* sem styrkt er af Rannsóknasjóði 2012-2014. Verkefnið er samstarf fræðimanna við ReykjavíkurAkademíuna, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Árnastofnun í Kaupmannahöfn. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum föstudaginn 1. júní með stuttri dagskrá sem haldin var í ReykjavíkurAkademíunni þar sem verkefnið og einstakir rannsóknarþættir voru kynntir. Á þessu fyrsta ári verkefnisins *Prentsmiðja fólksins* (2012) hófu fjórir þátttakendur vinnu rannsóknarverkefni sín:

- Clarence Glad vann þrjá mánuði að rannsóknarverkefni sínu um óútgefnar biblíupýðingar.
- Katelin Parsons vann í fjóra mánuði að rannsókn sinni *Historical poems from the Seventeenth century* og hefur hún þar með lokið rannsóknarþætti sínum í verkefninu.
- Silvia Hufnagel vann í sex mánuði að rannsóknnum á skrifaranum Gunnlaugi Jónssyni á Skuggabjörgum og er þeim verkþætti þar með lokið.
- Þórunn Sigurðardóttir hóf á síðari hluta árs vinnu við rannsóknarþátt sinn á miðlun erfikvæða í handritum á 17. og 18 öld.

Auk ofangreindra hefur Tereza Lansing unnið að rannsókn á handritamenningu 19. aldar með áherslu á verk Þorsteins Þorsteinssonar skrifara og bónda á Heiði (1792-1863) en hennar verkþáttur er fjármagnaður af NORDCORP verkefninu *Reading and writing from below*. Matthew James Driscoll vann um mánaðarskeið að rannsókn sinni á skrifaranum Magnúsi Jónssyni í Tjaldanesi, einnig með stuðningi frá Reading and writing from below verkefninu. Davíð Ólafsson hefur ásamt Matthew Driscoll sinnt verkefnisstjórn og umsýslu.

Rannsóknarverkefnið *Reading and Writing From Below*

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er dr. Davíð Ólafsson.

Norræna rannsóknarverkefnið *Reading and writing from below* hófst árið 2011 og mun standa til 2014. Verkefnið er fjármagnað af NORDCORP áætlun norrænu

rannsóknasjóðanna fyrir hug- og félagsvísindi (NOS HS) og stýrt af Taru Norlund (aðalumsækjanda), Önnu Kuismín (verkefnisstjóra), báðum frá Finnlandi og stýrihópi skipuðum fulltrúum frá Danmörku, Svíþjóð og Íslandi. Árið 2012 voru 4 fræðimenn á launaskrá ReykjavíkurAkademíunnar vegna einstaklingsrannsókna sinna innan verkefnisins; Viðar Hreinsson (1.1.-31.3.), Erla Hulda Halldórsdóttir (1.1.-30.11.), Bragi Þorgrímur Ólafsson (1.3.-30.8.) og Davíð Ólafsson (1.9.-31.12.). Verkefnið *Reading and writing from below* var einn af aðstandendum ráðstefnunnar *Vernacular Literacies - Past, Present and Future* sem haldin var við Umeå háskóla 13.-15. júní 2012 og fluttu framannefndir fjórir fræðimenn fyrirlestra þar byggða á rannsóknum sínum. Jafnframt kynntu þau rannsóknir sínar á 4 íslenska söguþinginu í Reykjavík 7.-10. júní 2012, í málstofu sem nefndist *Málstofan Skrifað, safnað, lesið, hlustað. Félags- og menningarsaga handritaðs efnis á átjándu og níttjándu öld*. Davíð Ólafsson á sæti í stýrihópi verkefnisins og sótti m.a. vinnufund hans í Berlín í nóvember á síðasta ári.

Rannsóknarnet um menningarlega sjálfbærni og þátt menningar í sjálfbærri þróun – COST (European Cooperation in Science and Technology)

Verkefnisstjórar fyrir hönd RA: Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson

ReykjavíkurAkademían hýsir COST verkefnið fyrir Íslands hönd. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni voru tilnefnd af Rannís til að sitja í alþjóðlegri framkvæmdanefnd verkefnisins. Auk þeirra er Sólveig Ólafsdóttir virkur þátttakandi í verkefninu.

Dagana 14.-16. maí 2012 var haldin ráðstefna á vegum COST IS 1007 *Investigating Cultural Sustainability* í Centro de Estudos Sociais (CES), University of Coimbra í Portúgal, en það er alþjóðlegt rannsóknarnet um þátt menningar í sjálfbærri þróun. Ráðstefnan, var sú þriðja í röðinni af átta, og var að hluta opin almenningi en einnig fóru fram lokaðir vinnufundir. Alls sóttu 53 manns ráðstefnuna frá 27 löndum. Fyrir Íslands hönd sóttu Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur og Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni ráðstefnuna.

Tvö markmið voru leiðarljós lokuðu vinnufundanna. Annars vegar að upplýsa u og fá yfirlit yfir samspil menningar og sjálfbærrar þróunar í stefnu allra þátttökuríkja rannsóknansins og hins vegar að stofna litla rannsóknaklasa innan netsins um ólíka þætti sem tengjast menningarlegri sjálfbærni. Stofnun rannsóknaklasa gekk eftir en ekki tókst að fá yfirlit yfir hvernig menningunni er gerð skil í opinberri stefnumótun um sjálfbæra þróun í

Þáttökuríkjunum enda er slík samantekt gríðarlega yfirgripsmikið og tímafrekt verk. Sólveig og Gunnþóra gerðu framvindu verkefnisins á íslenskri grund skil í stuttu erindi. Þar kom fram að á árunum 2011 og 2012 hafði íslenski COST-hópurinn (a) kynnt sér stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, (b) vakið athygli á rannsóknanetinu í hinum íslenska fræðaheimi og hvatt til rannsókna á hlutverki menningar í sjálfbærri þróun, (c) haldið vinnufundi með áhugasömum sérfræðingum frá Stofnun Sæmundar fróða, Rannsókasetri Háskólans á Hornafirði og Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands með samstarf og samvinnu í huga, m.a. að hvetja til þátttöku nemenda og þróun á verkefnum á doktors- og mastersstigi, (d) hafið undirbúning samstarfsverkefnis með Háskólanum á Bifröst, Háskóla Íslands og ReykjavíkurAkademíunni um vinnustofu kennara og námsskipuleggjenda haustið 2012 sem hefur að markmiði að þróa nám á mastersstigi sem fléttar menningu og sjálfbærni inn í meistaranám í hugvísindum og menningarstjórnunarfræðum, (e) komið að yfirstandandi endurskoðun menningarstefnu Reykjavíkurborgar með tilliti til menningarlegrar sjálfbærni, (f) tekið að sér að rannsaka hvort og hvernig menning, sjálfbær þróun og/eða menningarleg sjálfbærni endurspeglast í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 sem og í stefnu einstakra sviða borgarinnar (eins og kemur fram hér framar í skýrslunni) og (g) komið íslenskri þýðingu á Wikipediufærslu um menningarlega sjálfbærni í loftið, sjá nánar [hér](#).⁷

Síðari COST-ráðstefna ársins hafði heitið *Capturing Culture in Sustainable Development Assessments* og var haldin dagana 22–24 október 2012 í Innsbruck í Austurríki. Viðar Hreinsson sótti hana fyrir hönd Íslands. Gestgjafi var Institute of Mountain Research: Man and Environment, Austrian Academy of Sciences og voru þátttakendur 41 frá 22 Evrópulöndum. Fyrir utan að ræða meginþemað, hvernig meta megi þátt menningar innan ramma sjálfbærrar þróunar, var á lokuðu vinnufundunum einkum rætt um ýmiss konar afrakstur tengslanetsins, t.d. útgáfu og rannsóknaráætlanir.

Á fyrsta vinnufundinum var rætt um hvernig útbreiða skyldi afrakstur tengslanetsins. Fyrst var kynnt ítarleg samantekt með „æviskrám“ þátttakenda, þ.e. upplýsingum um náms- og starfsferil þeirra, rannóknaráherslur og helstu ritverk sem falla undir viðfangsefni tengslanetsins. Þá var kynnt hugmynd um útgáfu fjögurra metnaðarfullra bóka (nöfn frummælenda í svigum):

- Staðbundin þróun (Elena Battaglini, Ítalíu)
- Gagnvirk tengsl manns og náttúru (Nathalie Blanc, Frakklandi)

⁷ http://is.wikipedia.org/wiki/Menningarleg_sj%C3%A1lfb%C3%A6rni

- Minni, sjálfsmýnd og staðir (Graham Fairclough, Englandi)
- Menning á öld borganna og endurhugsun „Europolis“ (Svetlana Hristova, Búlgaríu)

Það sem eftir var af vinnufundunum var einkum rætt um þessa útgáfuáætlun, efni bókana, efnisskipan og hvert framlag hvers þátttakanda fyrir sig yrði. Viðar Hreinsson tók þátt í hópnum um tengsl manns og náttúru og mun hann rita kafla í bókina um sambúð manns og náttúru og hugmyndina um sjálfbæra þróun í menningarsögulegu samhengi.

Þá var sett á laggirnar vinnuhópur um rannsóknaráætlanir og hélt hann sinn fyrsta fund. Viðar Hreinsson er í þeim hópi sem hefur það hlutverk að taka saman og vinna úr þeim hugmyndum sem þátttakendur hafa um rannsóknarverkefni, og leiðbeina um vænlegustu leiðir til að hrinda þeim í framkvæmd.

Nánari upplýsingar um COST verkefnið *IS 1007 Investigating Cultural Sustainability* er að finna á vefsíðu rannsóknansins <http://www.culturalsustainability.eu/>

Basics – Bibliodrama as a Way of Intercultural Learning for Adults

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Björg Árnadóttir.

ReykjavíkurAkademían og biskupsstofa taka þátt í evrópska fjölmennningarverkefninu Basics ásamt fulltrúum fjögurra annarra landa, Póllands, Ungverjalands, Tyrklands og Ísraels, þ.e. fulltrúum kristinna þjóða, múslima og gyðinga. Verkefnið er styrkt af Grundtvig-fullorðinsfræðsluáætlun Evrópusambandsins.

Bibliodrama er aðferð sem hefur breiðst út um heiminn á síðustu tuttugu árum. Hún byggir að nokkru leyti á aðferðum pshycodrama í því að nota hlutverkaleiki í ýmsum myndum til að hjálpa þátttakendum að skilja betur mennskuna og eigin viðbrögð í mannlegum samskiptum. Markmið Basics-verkefnisins er jafnframt að skoða menningu og trúarbrögð eigin þjóðar og annarra með aðferðum hlutverkaleikja og textagreiningar og hvetja til umræðu um þýðingu trúarbragða í mismunandi menningarheimum.

Árið 2012 snerist vinnan í BASICS-verkefninu að mestu leyti um að halda námskeið í bibliodrama og skrifa námsefni. Þrír kennarar á vegum ReykjavíkurAkademíunnar; Björg Árnadóttir, félagi í RA, Halldór Reynisson hjá biskupsstofu og Sigurlaug Hreinsdóttir heimspekikennari kenndu bibliodrama á sex námskeiðum, hundrað klukkustundir í allt. Markhóparnir voru ólfrkir: fyrst vinir og kunningjar og nokkir demónar, síðan var haldið námskeið fyrir innflytjendur á Akranesi í samstarfi við Rauða krossinn, þá var námskeið fyrir fólk í félagsvanda í Námsflokkum Reykjavíkur, svo fyrir fullorðinsfræðara og að lokum fyrir fólk í mismunandi lífsskoðunarhópum og trúarbragðafræðikennara. Eins og

hinar þjóðirnar í verkefninu lögðu íslensku þátttakendurnir til þrjár kennsluáætlanir sem gefnar eru út í bókarformi og á vefnum og tóku þátt í gerð kennslubókar og geisladisks sem ætlaður er til kennslu. Í júní 2012 var haldið þriggja daga námskeið fyrir 30 þátttakendur frá þátttökulöndunum fimm í Félagsheimili Dómkirkjunnar í Reykjavík, sem gekk afar vel. Námskeiðið kallaðist *Intercultural Dialogue* og bar nafn með rentu því þó að þátttakendur búi í fimm löndum er uppruni þeirra afar ólíkur. Einnig stóð ReykjavíkurAkademían fyrir tveggja daga fundi þátttökupjóðanna sem Ólafur Hrafn Júlíusson sat ásamt Björgu Árnadóttur.

Stafrænar sögur

Verkefnisstjóri: Salvör Aradóttir.

Í byrjun ársins 2012 hlutu *Stafrænar sögur í ReykjavíkurAkademíunni* styrk frá menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar sem gerði RA mögulegt að hefja verkefnið *Segðu mér sögu / Sýndu mér sögu*. Styrkurinn var hugsaður til „að vinna hugmyndavinnu og þróa vinnustofur í stafrænum frásögnum með Reykvíkingum á öllum aldri um bernskuslóðir sínar í Reykjavík“. Lögð var áhersla á hugmyndavinnu og þróun á aðferðafræði stafrænna sagna með borgarsögur að leiðarljósi. Haft var samband við mögulega samstarfsaðila, m.a. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, og fengum við jákvæðar viðtökur og vilyrði fyrir samstarfi í framtíðinni.

Dagana 27.-29. júlí var haldin vinnustofa í stafrænni sagnagerð í húsnæði RA þar sem lögð var áhersla á að vinna með eigin myndir úr einkasöfnum ásamt póstkortum og gömlum Reykjavíkurmyndum. Rýnt var í myndabanka Ljósmyndasafns Reykjavíkur til að sækja innblástur. Þátttakendur í vinnustofunni voru fjórar konur sem voru að prófa aðferðafræði stafrænna sagna í fyrsta skipti. Afrakstur vinnustofunnar voru fjórar sögur og má segja að tvær þeirra séu afdráttarlaust Reykjavíkursögur.

ReykjavíkurAkademían var samstarfsaðili Reykjavíkurborgar, Lesstofunnar og Landsbókasafns Íslands — Háskólabókasafns vegna málþingsins *Svingpjattar og vampírfés* sem var tileinkað skáldsögunni *Vögguvísu* og höfundu hennar, Elíasi Mar. Að því tilefni vann Sólveig Ólafsdóttir stafræna sögu, *Mikið varstu nú orðinn svangur Bjössi minn*, skv. aðferðafræðinni og snerist hún um mat í *Vögguvísu*. Sagan var frumsýnd á málþinginu í október og færðu *Stafrænar sögur í ReykjavíkurAkademíunni* síðan Lesstofunni söguna að gjöf við lok málþingsins.

Í byrjun desember heimsóttu Nikoline Lohmann, Mia Meldgaard og Astrid Lundby frá Digital Storylab í Kaupmannahöfn RA og var það hluti af símenntunarverkefni um þekkingarmiðlun innan ramma Grundtvigs-áætlunar ESB. Liður í heimsókninni var að halda tilraunastofu í ReykjavíkurAkademíunni um hvort og þá hvernig mætti nota aðferðir stafrænna sagna til að miðla rannsóknarniðurstöðum. Þar fékkst dýrmæt reynsla og afrakstur vinnustofunnar voru fjórar sögur. Á meðan á heimsókninni stóð var í samstarfi við Ljósmyndasafn Reykjavíkur haldin kynning á stafrænum sögum, aðferðum og uppruna og hvernig Digital Storylab vinnur með stafræna sagnagerð og nýja tækni með börnum, unglungum og fullorðnum þar sem sýnd voru dæmi um verkefni um stafrænar sögur í samstarfi við bókasöfn, söfn, menningarstofnarnir, skóla, fyrirtæki osfrv. Kynningin var vel sótt og sóttu hana starfsfólk Ljósmyndasafnsins, Borgarbókasafnsins og Skjalasafns Reykjavíkurborgar ásamt RA. Þangað var einnig boðið fulltrúum Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis.

Önnur verkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Pre-Christian Religions of the North

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Ingunn Ásdísardóttir Þjóðfræðingur.

RA er lykilþátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni ásamt Snorrastofu í Reykholti og Háskóla Íslands um útgáfu fjölbinda yfirlitsrits um rannsóknir síðustu áratuga í norrænni goðafræði. Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er Ingunn Ásdísardóttir Þjóðfræðingur og situr Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur einnig í aðalstjórn verkefnisins. Ingunn er auk þess fulltrúi stjórnar í einni af þremur ritnefndum verkefnisins og hefur á þessu ári setið fundi um verkefnið í Árósum og Bonn.

Verkefnið er afar viðamikilið en komið vel á veg. Því miður verður að segjast að þrátt fyrir hrun og kreppu, er varla hægt að afsaka það að ekkert fjármagn hefur fengist hérlendis til verkefnisins, og upphafsaðilar verkefnisins, Snorrastofa og ReykjavíkurAkademían, standa heldur hjárænulegir andspænis rausnarlegri fjármögnun erlendis frá. Fara þar Ástralir og Svíar fremstir í flokki með þeim árangri að vinna við u.þ.b. tvo þriðju verkefnisins er komin vel af stað.

Þátttakendur í verkefninu eru fjölmargir af fremstu fræðimönnum heims á sviði norrænnar goðafræði.

Ráðstefnur og málþing í og í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna

HUGMYNDIR 21. ALDARINNAR: MÁLÞING 2012-2013

Verkefnisstjóri: Dr. Elsa Eiríksdóttir

Vorið 2012 fór af stað skipulagning á röð málþinga á vegum ReykjavíkurAkademíunnar sem fékk heitið *H-21* eða *Hugmyndir 21. aldarinnar*. Markmið málþinganna var að stuðla að þverfaglegri umræðu innan félags- og hugvísinda um strauma og stefnur í mannvísindum samtímans. Á hverju málþingi skyldi stefnt saman fjórum fræðimönnum á sviði félags- og hugvísinda og þeir fengnir til að kynna rannsóknir sínar, ræða kenningarlegar undistöður og tengingu við fræðilega strauma samtímans. Auk fræðimannanna myndi umræðustjóri skima eftir sameiginlegum þráðum og skapa umræðu um fræðin.

Lagt var upp með að haldin yrðu tvö málþing á hverjum vetri, eitt að hausti og eitt að vori. Fyrsta H-21 málþingið, *Iðkun kyns og þjóðar* var haldið 22. september 2012 en annað málþingið *Atbeini og iðja í hversdagsmenningu* var haldið 16. mars 2013.

Útfærsla og skipulag

Til þess að ná fram settum markmiðum voru í bæði skiptin fengnir fyrirlesarar úr ólíkum greinum hug- og félagsvísinda og við skipulag málþinganna var reynt að efla umræður og finna sameiginlega þræði fræðimannanna. Málþingin voru haldin á laugardegi frá kl. 11-15 með matarhléi.

Fyrirlesarar. Í fyrra málþingi vetrarins, *Iðkun kyns og þjóðar*, var leitað til fræðimanna sem höfðu tengingu út frá sínu fræðilega viðfangsefni og voru ákveðnir sameiginlegir þræðir augljósir frá upphafi. En við umræður komu fram ýmsir óvæntir sameiginlegir fletir og tengingar sem einnig voru mjög áhugaverðar. Því var ákveðið við síðara málþing vetrarins, *Atbeini og iðja í hversdagsmenningu* að leita til fræðimanna sem þótti áhugavert að fá til samræðu, óháð því hvort viðfangsefni þeirra virtust tengjast við fyrstu sýn. Því var skemmtilegt að tengingar komu mjög fljótlega í ljós og nokkuð margir sameiginlegir þræðir fundust, bæði út frá viðfangsefni, aðferðum og kenningum og voru ræddir á fundum.

Undirbúningsfundir. Í bæði skiptin hittust fyrirlesararnir á undirbúningsfundum fyrir málþingin til að ræða sitt framlag og í fyrra skiptið var einnig skipst á greinum. Þessir fundir gerðu það að verkum að fyrirlesararnir urðu kunnugir fræðastarfi og nálgun hvers annars sem gerði þeim kleift að tengja sín á milli. Á fyrsta fundi kynntu þau rannsóknir sínar og fræðistarf, en á öðrum fundi (sem var um 2 vikum fyrir málþing) ræddu þau sitt framlag og þá komu skýrar fram tengingar þeirra á milli. Því virtist annar fundurinn sérstaklega mikilvægur til að hvetja til samræðna og tenginga á milli fyrirlesara. Fyrir síðara

málþing vetrarins hittust fyrirlesararnir í þriðja skipti tveimur dögum fyrir málþing og reyndist það einnig vel til að skipuleggja og skoða samhengi.

Þáttökulistar. Hver fyrirlesari var beðinn um að útbúa lista með nöfnum fólks sem þau vildu bjóða sérstaklega til þátttöku. Fimm frá hverjum fyrirlesara fengu skráningargjald niðurfellt en aðrir fengu persónulegt boð. Þetta var gert til að auka líkur á að það væru þátttakendur á málþinginu sem gætu eft umræðuna og styrkt þverfaglega nálgun.

Umræðustjóri. Stefnt var að því að hafa umræðustjóra með á undirbúningsfundum en það tókst aðeins í síðara málþinginu. Umræður heppnuðust vel í bæði skiptin og sérstaklega í það síðara. Umræðurnar voru lengdar á síðara málþinginu og kom það vel út, en sérstaklega var vel heppnað að fá þátttakendur til að setjast í hring því það opnaði og eflði samræður á milli þátttakenda og fyrirlesara.

Í bæði skiptin var ein löng umræða í lokin en upp kom sú hugmynd að hafa styttri umræður eftir hverja tvo fyrirlestra (fyrir og eftir hádegishlé) og væri spennandi að prófa það.

Niðurstaða verkefnisstjóra

Sem tilraun til að efla þverfaglega umræðu fræðimanna í félags- og hugvísindum heppnaðist fyrsta umferð málþinga H-21 mjög vel. Það er áskorun fyrir fræðimenn sem taka þátt að skoða sín störf í samhengi við aðra og vera opnir fyrir að aðlaga sína nálgun og umfjöllun eftir því. Mér þykir það aðdáunarvert hversu vel það tókst hjá fræðimönnum á fyrstu málþingunum tveimur og hversu tilbúin þau voru öll að taka þátt og fara í þessa vinnu.

Á heildina litið var útfærsla og skipulag vel til þess fallið að ná fram markmiðum málþinganna, en að mínu mat eru undirbúningsfundirnir lykilatriði til að ná fram samhengi og tengingu á milli fyrirlesara. Ég myndi hvetja til þess að reyna að hafa þrjá undirbúningsfundi eins og gert var fyrir síðara málþing vetrarins, það gerðist eitthvað nýtt í umræðum á hverjum fundi og samkvæmt fyrirlesurunum voru fundirnir ekki síður áhugaverðir en málþingið sjálft.

Ég hvet ReykjavíkAkademíuna eindregið til að halda áfram með H-21 málþingin og þó ég verði ekki hluti af því starfi í framtíðinni mun ég hiklaust mæta sjálf til að fylgjast með og taka þátt í gefandi samræðum.

Af sjónarhóli

Á árinu 2012 var hleypt af stokkunum nýrri hádegisfyrirlestraröð hjá ReykavíkurAkademíunni sem hlotið hefur nafnið *Af sjónarhóli*. Þar taka vísinda- og fræðimenn fyrir málefni líðandi stundar. Tveir fyrirlestrar voru haldnir undir þessum merkjum á árinu og var sá fyrri fyrirlestur Láru Magnúsardóttur forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra sem hún nefndi *Náttúran í eigin rétti: Stjórnarskrá á mannamáli*. Fyrirlesturinn var fluttur 5. október í undanfara stjórnlagabingskosninganna. Kynning fyrirlestrarins var eftirfarandi: „Undanfarin tvö ár hefur Lára unnið að þeirri tilraun í sagnfræðirannsóknum sínum að beita greiningaraðferðum á samtímamálefni sem hún hafði fram að því notað til að greina miðaldaheimildir og þegar frumvarp til stjórnlaga var lagt fram hófst hún handa við að kanna II. kafla frumvarpsins sem ber heitið „Mannréttindi og náttúra“. „Mannréttindi“ er yfirþjóðlegt hugtak sem segir fyrir um samband mannsins við yfirvöld og hefur „manninn“ að eiginlegu viðfangsefni. Skilgreining mannréttindahugtaksins liggur í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og undirliggjandi er skilgreining á „manninum“. Mannréttindahugtakið er þar af leiðandi fyrirfram bundið og því hlýtur að orka tvímælis ef Íslendingar kjósa að fjalla um annað en mannréttindi í stjórnarskrárkafla um það efni“.

Seinni fyrirlesturinn var haldinn fimmtudaginn 18. október og var það Dr. Kirsten Hastrup prófessor í mannfræði við Kaupmannahafnarháskóla og forstöðumaður Waterworlds – Centre for anthropological climate research, sem flutti fyrirlesturinn *Food Security: Complex Fears and Health Concerns in the North*. Dr. Kirsten hefur unnið að mannfræðirannsóknum á norðurslóðum, m.a. á Íslandi og Grænlandi og reifaði í fyrirlestrinum niðurstöður sínar sem hún byggir á rannsóknum á Norður-Grænlandi.

Róttæki sumarháskólinn

Umsjónarmaður fyrir hönd RA: Ólafur Hrafn Júlíusson. Skólastjóri: Viðar Þorsteinsson.

Dagana 8 - 14. ágúst 2011 var Róttæki sumarháskólinn haldinn í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar.

Róttæki sumarháskólinn leitast við að tengja saman róttækan aktívisma og hugmyndir. Með róttækum aktívisma er átt við baráttuna fyrir efnahagslegu réttlæti, umhverfisvernd, femínisma, lýðræði og réttindum minnihlutahópa, svo dæmi séu tekin. Með hugmyndum er átt við hvers kyns mannlega hugsun, hvort sem hún er listræn, fræðileg eða sprottin beint úr reynslu hversdagsins. Markmið Róttæka sumarháskólans var, með orðum Hauks Más

Helgasonar, „að efla hreyfingu róttækra aktívista á Íslandi sem hugsandi líkama með samtakamátt.“ Róttæki sumarháskólinn byggði alfarið á sjálfböðavinnu og frumkvæði áhugasamra einstaklinga.

Sjá heimasíðu Róttæka Sumarháskólans <http://sumarhaskolinn.org>

Samstarf ReykjavíkurAkademíunnar, Sögufélags og Sagnfræðingafélags Íslands

Mikið og náið samstarf er á milli ReykjavíkurAkademíunnar og Sögufélags eins og áður hefur komið fram. Sagnfræðingafélag Íslands er til húsa hjá RA og heldur bæði félags- og stjórnarfundum í húsnæði RA. Því varð úr að ReykjavíkurAkademían, Sögufélagið, Sagnfræðingafélagið og Bókasafn Dagsbrúnar efndu til sameiginlegs bókakvölds fimmtudagskvöldið 29.nóvember Þar kynntu fimm höfundar nýrra fræðiritaverk sín og lásu upp úr þeim. Stefnt er að fleirri viðburðum í framtíðinni undir slíkri sameiginlegri regnhlíf.

Fjórða íslenska söguþingið var haldið dagana 7.–10. júní 2012. Að þinginu stóðu ReykjavíkurAkademían, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélagið, ásamt Sagnfræðistofnun, og Félagi sögukennara. Það kom í hlut RA að sjá um skráningu og heimasíðu viðburðarins.

Fræðimenn og fræðafélög innan ReykjavíkurAkademíunnar

Sjá heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar - www.akademia.is

